



Fréttablað febrúar 2019

Starfsmannamál

Um áramótin hætti Kolbrún Dóra hjá okkur og Dís kom úr fæðingarorlofi, hún vinnur á Dvergaheimum eins og áður. Um miðjan janúar byrjaði Sunna Ýr í starfi eftir hádegi og fer á milli deilda. Í byrjun febrúar hættir Setta hjá okkur í eldhúsinu, í hennar stað kemur Sigríður Karlsdóttir. Við bjóðum Dís, Sunnu og Sigríði velkomnar og þökkum Kolbrúnu Dóru og Settu kærlega fyrir samstarfið og óskum þeim velfarnaðar á nýjum vettvangi.

Bóndadagur

Góð mæting var af feðrum og öfum á Bóndadaginn og ekki annað séð en að allir hafi verið ánægðir með bæði matinn og þessa góðu samveru. Þessi heimsókn er liður í samstarfi á milli heimilis og skóla og líka gaman að halda í gamlar hefðir eins og þórrann.

Tannverndarvika

Fyrsta vikan í febrúar er Tannverndarvika á vegum Embættis landlæknis og Tannlæknafélags Íslands, þá er lögð áhersla á tannvernd og allt sem snýr að því. Petra Vilhjálmisdóttir tannlæknir í Þorlákshöfn kemur 4. febrúar í heimsókn til okkar.

Mömmu og ömmu kaffi

Í tilefni af konudeginum þá er mæðrum og ömmum boðið í heimsókn þann 22. febrúar kl. **14.30-15.30**. (ATH ný tímasetning) Við ætlum að gæða okkur á vöfflum og eiga notalega stund saman. Gaman væri að fá sem flestar mæður og ömmur í heimsókn við þetta tækifæri.

Dagur leikskólans og dagur stærðfræðinnar

Dagur stærðfræðinnar er 1. febrúar og Dagur leikskólans er 6. febrúar í tilefni þessara daga munu listaverk barnanna í Bergheimum vera hengd upp í Kr versluninni, anddyrinu hjá Kaffi Sól, Heilsugæslunni og í íþróttahúsinu. Hvetjum við alla til þess að skoða verkin en þau tengjast stærðfræði á einn eða annan hátt.

Börnin hafa verið spurð að því hvað þau langi að gera á degi leikskólans og voru nokkrar hugmyndir sem komu fram. Ákveðið var að taka úr þeim tvær hugmyndir en það er að borða pönnukökur og halda diskó í salnum. Starfsfólkið í eldhúsinu ásamt nokkrum kennurum ætla að baka slatta af pönnukökum um morguninn. Allar deildir fá pönnukökur og eftir það mæta svo allir í salinn þar sem við dönsum við tónlist og diskóljós

Snjórinn

Loksins kom snjórinn sem beðið hefur verið eftir með mikilli eftirvæntingu og hefur brekkan verið mikið notuð á meðan snjórinn hefur verið og mikið fjör. Leikskólinn á þó nokkuð af snjóþotum en börnunum er velkomnið að koma með sínar þotur eða sleða. Nauðsynlegt er að merkja vel það sem þau koma með því margir eiga eins sleða og erfitt að þekkja þá í sundur.

Karellen

Í febrúar munum við hætta með Mentor kerfið og skipta yfir í Karellen sem er svipað kerfi en þó betur hannað að leikskólum. Karellen heldur utan um mætingu barnanna og ýmsar upplýsingar. Karellen er einnig með app sem foreldrar geta hlaðið niður frítt og séð í því

hagnýtar upplýsingar. Við munum tilkynna um leið og þessi breyting verður og senda foreldrum lykilorð til þess að komast inn í kerfið. Ef fólk vill kynna sér þetta eru upplýsingar á karellen.is

1. febrúar

1. febrúar **grænn** litadagur, allir að mæta í einhverju **grænu** eða með eitthvað **grænt** á sér.
1. febrúar söngstund, Dvergaheimar með uppákomu.
1. febrúar dagur stærðfræðinnar.

Vikan 3.-9. febrúar

4. febrúar Petra tannlæknir kemur í heimsókn kl. 9.
6. febrúar Dagur leikskólans, partý í salnum.
7. febrúar íþróttir allir að muna eftir þægilegum fatnaði.
8. febrúar rugldagur opið á milli deilda milli kl 10-11.
8. febrúar umhverfisnefndarfundur.

Vikan 10.-16. febrúar

12. febrúar Félag eldri borgara í heimasókn á Trölllaheima kl. 10.50.
14. febrúar íþróttir allir að muna eftir þægilegum fatnaði.
15. febrúar söngstund.

Vikan 17.-23. febrúar

21. febrúar íþróttir allir að muna eftir þægilegum fatnaði.
22. febrúar söngstund.
22. febrúar mömmur og ömmur í vöflukaffi kl **14.30-15.30**.

Vikan 24. febrúar – 1. mars

1. mars **röndóttur** litadagur
1. mars söngstund

Með kveðju
Elsa aðstoðarleikskólastjóri